



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/315
komudagur 18.11.2011

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Umsögn Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 42. mál, (veiting ríkisborgararéttar):

Með framangreindu frumvarpi er lagt til að heimild Alþingis til veitingar ríkisborgararéttar með lögum verði felld niður og að það verði einungis á hendi innanríkisráðherra að veita ríkisborgararétt að uppfylltum skilyrðum laga nr. 100/1952, um ríkisborgararétt.

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi leggst eindregið gegn frumvarpi þessu að óbreyttum skilyrðum laga um ríkisborgararétt.

Þó að ákvörðun um veitingu ríkisborgararéttar ætti ávallt að vera vel ígrunduð og allir umsækjendur ættu að standa jafnfættis öðrum, þá er þetta því miður ekki svo. Í starfi okkar í þágu innflytjenda höfum við haft tækifæri að kynnast vandamálum innflytjenda sem megi rekja til óbilgjarnar túlkunar laga ofangreindra laga. Í mörgum tilvikum hafa þessi umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt fengið úrlausn sína mála í meðferð Alþingis og teljum við að afnam þessarar heimildar gæti bitnað á viðkvæmstu einstaklingum í innflytjendahópi, nema breytingar verði gerðar á skilyrðum laga um ríkisborgararétt.

Teljum við að fyrirhuguð breyting muni bitna mest á erlendum konum í viðkvæmri félagslegri stöðu (konur sem lent hafa í fjárhagserfiðleikum vegna skattskulda eiginmanna sinna eða einstæðar mæður þegar eiginmenn virða ekki framfærsluskyldu sína í skilnaðarferli), lágtækjueinstaklingum í fjárhagsvanda sem jafnvel eru á vanskilaskrá vegna þess að þeir hafa tekið á sig ábyrgð á lánum án þess að gera sér grein fyrir þýðingu slíkrar ábyrgðar og einstaklingum (oftast frá fjárlægum málsvæðum) sem vegna málgalla eða óskýrs framburðar uppfylla ekki kröfur um íslenskukunnáttu.

Við viljum líka benda á að Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum (ECRI) hefur lagt mikla áherslu á það við aðildarríki Evrópuráðsins að þau auðveldi innflytjendum að fá ríkisborgararétt til að auðvelda þeim þátttöku í stjórnmálalífi búseturíkisins og til að auka þeim öryggi, eins og t.d. að þurfa ekki að óttast brottvísun úr viðkomandi ríki.

Virðingarfyllst,

f. h. Samtaka kvenna af erlendum uppruna
Tatjana Latinovic